# Linux sérfræðingur

**Við leitum að traustum og sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi Linux umhverfi þar sem lífleg og skemmtileg viðfangsefni eru daglegt brauð. Lögð er rík áhersla á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð.**

**Starfssvið**

- Þjónusta við tölvukerfi, sem felur m.a. í sér uppsetningu, rekstur, breytingar og viðhald á Linux kerfum
- Þróun lausna og endurbætur

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af Linux kerfisumsjón æskileg
- RHCE eða háskólagráða á sviði verkfræði eða tölvunarfræði er kostur
- Samviskusemi og nákvæm vinnubrögð

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225.*
*Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

# Ertu jákvæður, skapgóður, félagslyndur, skipulagður og skemmtilegur **forritari** eða **vefhönnuður**?

ENNEMM / SÍA / NM54586

## Grafískur vefhönnuður

**Já er að leita að grafískum vefhönnuði sem vill vinna í fjölbreytilegu, krefjandi og spennandi umhverfi.**

- Góð kunnátta í Photoshop eða sambærilegum forritum nauðsynleg
- Þekking á vefforritun er kostur
- Scrum er notað við verkefnastjórnun og eftirfylgni
- Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði

## Forritari

**Já er að leita að sjálfstæðum og öflugum forritara sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og spennandi verkefni.**

- Helstu verkefni snúa að veflausnum og helstu verkfærin eru Python og Django
- Scrum er notað við verkefnastjórnun og eftirfylgni
- Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði
- Æskileg en ekki nauðsynleg er kunnátta í Python, Django, Git, Javascript, CSS og HTML

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til og með **15. október nk.**

Ef þú heldur að þú sért sá eða sú sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið **hlodver@ja.is**

Nánari upplýsingar veitir Hlöðver í síma 522 3242.

118 Gulu síðurnar Já.is Stjörnur.is Símaskrá Já í símann i.ja.is

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn og auðvelda samskipti þess á milli. Já hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sjá fyrir og mæta nýjum þörfum viðskiptavina, skapa öflugt og spennandi starfsumhverfi, þróa verðmæt viðskiptasambönd og bera sig saman við þá bestu.

já -er svarið



Capacent Ráðningar

# SKRIFSTOFUSTARF

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS · MATVÍS · félag bókagerðarmanna

**Rafiðnaðarsamband Íslands, MATVÍS og Félag bókagerðarmanna óska eftir að ráða starfsmann á skrifstofu félaganna. Um fjölbreytt og áhugavert starf er að ræða. Vinnutími er á milli kl. 8:00-16:00 og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um félögin má finna á heimasíðum þeirra.**

**Starfssvið**

- Símsvörun og móttaka
- Upplýsingagjöf m.a. vegna kjarasamninga
- Umsjón með útleigu orlofshúsa
- Skjalavarsla og bréfaskriftir
- Skráning iðgjaldaskýrslna
- Ýmis tilfallandi skrifstofustörf

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannsdóttir (silja.johannsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 11. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# EIGNASTÝRING

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda óskar eftir að ráða starfsmann í eignastýringu sem mun heyra undir sviðsstjóra eignastýringar.**

**Starfssvið:**

- Greining markaða og fjárfestingakosta
- Greiningarvinna á eignasafni sjóðsins
- Þátttaka í ákvörðunum um fjárfestingar í fjárfestingaráði
- Skjalaumsjón og eftirfylgni fjárfestinga
- Fundir með innlendum og erlendum aðilum sem eru í samstarfi við sjóðinn
- Önnur tilfallandi verkefni tengd fjárfestingum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af eignastýringu eða verðbréfagreiningu er kostur
- Reynsla af gerð verðmatslíkana er kostur
- Þekking á fjármálamörkuðum
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Færni í mannlegum samskiptum
- Próf í verðbréfaviðskiptum skv. lögum um fjármálafyrirtæki er kostur

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er einn af 10 stærstu lífeyrissjóðum landsins og nema eignir hans um 105 ma.kr. Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum. Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag. Hlutverk sjóðsins er að greiða út elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STJÓRNUN VIÐHALDSFRAMKVÆMDA

FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS

Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu rúmlega 300 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Heildarstærð eignasafnsins er um 500 þús. m². Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík.

**Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda. Verkefnin eru fjölbreytt og umfangsmikil og krefjast sjálfstæðra vinnubragða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirliti
- Reynsla af notkun CAD – og verkstýringarforrita
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannsdóttir (silja.johannsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# STJÓRNUNARSTÖRF

**Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar auglýsir lausar stöður fjármálastjóra og mannauðsstjóra. Stöðurnar heyra undir skrifstofu sviðsstjóra.**
Umhverfis- og skipulagssvið er nýtt svið hjá Reykjavíkurborg sem tók til starfa 1. september sl. Undir sviðið heyra flest þau verkefni sem áður voru unnin af skipulags- og byggingarsviði, framkvæmda- og eignasviði og umhverfis- og samgöngusviði. Tilgangurinn með stofnun sviðsins er að tryggja samhæfða stefnumótun í málefnum sviðsins og heildstæða og skilvirka þjónustu við íbúa borgarinnar. Á sviðinu starfa um 400 starfsmenn í föstum störfum, en nokkur fjöldi bætist við á sumrin.

## FJÁRMÁLASTJÓRI

**Helstu verkefni fjármálastjóra eru:**
- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum fjármálaþjónustu
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum sviðsins
- Ábyrgð á gerð fjárhags- og rekstraráætlana
- Fjármálaleg ráðgjöf til stjórnenda sviðsins
- Fjárhagslegar úttektir, greiningar og eftirlit, þ.m.t. eftirlit með fjárhagsáætlun
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála, reikningshalds og fjárreiða

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Víðtæk reynsla af fjármálastjórn í opinberum rekstri
- Þekking á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og málaflokkum sviðsins
- Stjórnunarhæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogahæfileikar og hæfni til samskipta

## MANNAUÐSSTJÓRI

**Helstu verkefni mannauðsstjóra eru:**
- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum mannauðsþjónustu
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur, m.a. á sviði vinnuréttar, ráðninga og móttöku nýrra starfsmanna
- Ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga og starfsmannastefnu
- Umsjón með gerð starfslýsinga, starfsþróun og símenntun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu og þekking á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar
- Stjórnunarhæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogahæfileikar og hæfni til samskipta
- Færni í verkefna- og breytingastjórnun

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélaga. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# Sérfræðistörf í tæknivæddu álveri

Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum. Verkefnin eru fjölbreytt og spennandi. Mikið er jafnframt lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

### Almennar hæfniskröfur

Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna í teymum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum ásamt því að hafa hæfni til að miðla upplýsingum og þekkingu.



Jón Óli Benediktsson, starfsmaður Alcoa, nýtur ásamt syni sínum nálægðarinnar við eitt besta útivistarsvæði á Austurlandi.

## Sérfræðingur í mannauðsteymi

Við leitum að öflugum sérfræðingi til að hafa umsjón með ráðningum hjá Fjarðaáli. Viðkomandi verður hluti af mannauðsteymi Fjarðaáls en vinnur náið með þeim sem hafa mannaforráð í fyrirtækinu. Ráðningin er tímabundin í eitt ár frá janúar 2013 með möguleika á framtíðarstarfi.

**Ábyrgðarsvið:**

- Undirbúningur og framkvæmd ráðninga
- Starfsauglýsingar
- Ráðgjöf við ráðningar
- Umsjón með ráðningarferli Fjarðaáls
- Úrvinnsla gagna
- Upplýsingar og skýrslugerð
- Ýmis verkefni sem snúa að mannauðsmálum

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðsmálum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið veitir Elín Jónsdóttir í síma 470-7700 eða í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com**

## Tækniteiknari

Við leitum að reyndum tækniteiknara í áreiðanleikateymi Fjarðaáls. Viðkomandi vinnur með tæknimönnum Fjarðaáls og verktaka í álverinu.

**Helstu verkefni**

- Uppfærslur á rafmagnsteikningum og öðrum teikningum fyrirtækisins
- Skjalastýring og prentun teikninga
- Samskipti við tæknimenn Fjarðaáls og verktaka
- Þátttaka í breytingastjórnunarferli fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**

- Menntun í tækniteiknun eða sambærileg menntun æskileg
- Rafmagnsbakgrunnur æskilegur
- Reynsla af notkun AutoCAD og Inventor
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku

**Upplýsingar um starfið veitir Sigurður F. Jónsson í síma 470-7700 eða í gegnum netfangið sigurdurf.jonsson@alcoa.com.**

### Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störfin.

**Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is Umsóknarfrestur er til og með 21. október 2012.**

**Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

**Óskum eftir metnaðarfullum veitingastjóra í sal (100% starf) og starfsfólki í sal**

Upplýsingar á staðnum og í síma 561 3303

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Dráttarvélarstjóri í dráttarvéladeild:

**Óskað er eftir dráttarvélarstjóra til starfa í dráttarvéladeild Umhverfis- og skipulagssviðs.**

Meðal verkefna eru snjóruðningur (hreinsun) og sláttur opinna svæða ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**
Starfsfólk þarf að hafa gott líkamlegt atgervi, vera verklagið, þjónustulundað og hafa dráttarvélarpróf og/eða BE bílpróf.

Um er að ræða tímabundið starf til 1. apríl 2013 með möguleika á framlengingu og æskilegt er að starfsfólk geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Geirsson verkstjóri dráttarvéladeildar í síma 411 8467.
**Umsóknarfrestur er til og með 29. október.**
Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „**Atvinna**" og „**Dráttarvélarstjóri**".

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnarendurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# VILT ÞÚ STARFA Í BANKA ATVINNULÍFSINS?

## Lögmaður / Lögfræðingur

Lögfræðisvið MP banka óskar eftir lögfræðingi til starfa.

**Starfssvið**
- Lögfræðiráðgjöf fyrir önnur svið MP banka, stjórnendur og stjórn
- Samninga- og skjalagerð
- Þátttaka í verkefnahópum og samstarfsnefndum
- Samskipti við stjórnvöld
- Miðlun upplýsinga og námskeiðahald

**Hæfni og þekking**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af störfum á lögmannsstofu eða fjármálamarkaði
- Skipulögð, öguð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Nathalía Druzin Halldórsdóttir nathalia@radum.is og Hildur Erla Björgvinsdóttir hildur@radum.is hjá Ráðum atvinnustofu í síma 519 6770.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá og kynningarbréf.

## Um MP banka

MP banki er ört vaxandi íslenskur viðskiptabanki með um 120 starfsmenn. Hann er leiðandi fjárfestingarbanki, þekktur fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – og er auk þess eini íslenski bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila.

MP banki sérhæfir sig í að veita íslensku atvinnulífi, athafnafólki, fjárfestum og sparifjáreigendum úrvals bankaþjónustu.

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

mp banki
banki atvinnulífsins

EIGNAumsjón



## Þjónustustjóri hjá Eignaumsjón hf.

Eignaumsjón hf. er 10 ára framsækið fyrirtæki sem þjónar eigendum fasteigna bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Félagið annast umsjón húsfélaga og rekstur fasteigna, sem og rekstrarfélaga um fasteignir auk leiguumsjónar í þágu leigusala, sjá nánar www.eignaumsjon.is.

Þjónustustjóri annast samskipti við þjónustuaðila og verktaka, rekstrarlega ráðgjöf, áætlanagerð, undirbúning funda og fundarumsjón auk annarra tilfallandi starfa. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni hjá framsæknu fyrirtæki í þjónustu við fasteignaeigendur.

Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum aðila með góða samkiptahæfileika. Þekking á Excel og verkefnastjórnun er nauðsynleg auk góðrar íslenskukunnáttu í ræðu og riti. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða þekkingu og reynslu á sviði tölvumála og getu til að taka þátt í endurgerð verkferla og tölvukerfis.

Umsóknarfrestur er til og með 12. október nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir frekari upplýsingar um starfið, en viðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is

STRÁ

www.stra.is

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Reykjavíkurborg

Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

# Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverukerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2012.**

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í síma 411 4323, netfang: atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í síma 411 4305, netfang: thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

ALÞINGI

## Starfsmaður í ræstingu

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

## VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR?




Kjötkompaní

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt mynd á kjotkompani@kjotkompani.is**

www.kjotkompani.is Dalshrauni 13 Hafnarfirði Sími: 578 9700




## Vodafone vill ráða syndsamlega góðan þjónustufulltrúa

Englana í símaveri Vodafone vantar liðsauka og kannski ert þú rétta manneskjan í starfið. Við viljum fá einstakling sem er með góða ensku- og tölvukunnáttu, sýnir metnað og frumkvæði og býr yfir ríkri þjónustulund. Viðkomandi mun veita upplýsingar og ráðgjöf um reikninga og farsímaþjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á **vodafone.is/storf.**

**Þín ánægja er okkar markmið**




ELLE mELLE. Foto Thomas Negård

**HITTIÐ SVEITARFÉLAGIÐ OG FYRIRTÆKIN Í REYKJAVÍK**
ÞRIÐJUDAGINN 16. október kl. 16.30-19.30 í HÖRPU
Salur: Silfurberg B
Sérstök athygli er vakin á kynningu Ståle Refstie, bæjarstjóra á sveitarfélaginu Sunndal, kl. 17.00



LAUS STÖRF-

Innst í fallegum firði í Mið-Noregi er Sunndal, umvafinn ósnortinni og fagurri náttúru. Frábær staður fyrir náttúruunnendur – og öruggt samfélag með allt sem þarf til að gera hvern dag að góðum degi. Góð uppvaxtarskilyrði og öruggar aðstæður fyrir börn, unglinga, fjölskyldur og eldri borgara eru mikilvægustu þættir samfélagsins. Sunndal býður upp á spennandi atvinnutækifæri og við þurfum á að halda fagfólki eins og þér í krefjandi störf í fjölmörgum atvinnugreinum. Íslenska verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækið HRV er nú þegar með starfsemi í Sunndalsöra og hér eru tækifæri fyrir fleiri!

Sendu inn ferilskrá (CV) beint til fyrirtækjanna fyrir kynninguna og opnaðu þar með fyrir mögulegt starfsviðtal í Reykjavík. / Lesið nánar um Sunndal á www.sunndal.com / Lesið nánar um störf í boði á www.eures.is

**BRATSETH & GIKLING ELEKTRO AS**
Leiðandi rafverktaki í Sunndalsøra í sjálfvirkni og raflögnum, bæði fyrir einkaaðila og iðnaðinn í Sunndalsøra og nágrenni.
- Verkefnastjórn raflagnir
- Rafvirki GR L
Sími: +47 977 28 000
e-mail: rune.midthaug@bgi.no
www.bgi.no

**HRV ENGINEERING AS**
Eitt af öflugustu verkfræðifyrirtækjum í Skandinavíu og leiðandi á sviði EPCM þjónustu á Íslandi með áherslu á áliðnaðinn.
- Rafmagnsverkfræðingur/tæknifræðingur
- Vélaverkfræðingur/tæknifræðingur
Sími: +47 957 90 671
e-mail: ellert@hrvengineering.no

**STORVIK AS**
Leiðandi véla/verkfræðifyrirtæki í héraðinu, býður upp á þverfaglega þjónustu, framleiðslu og verkefni á alþjóðavísu fyrir áliðnaðinn, olíu og gas, ásamt vatnsaflsvirkjunum.
- Vélaverkfræðing M.Sc
- Verkefnastjóra í áliðnaði
Sími: +47 920 27 000
e-mail: ola.ulvund@storvik.no
www.storvik.no

**SUNNDAL KOMMUNE**
Sunndal sveitarfélagið er með 715 ársverk sem skiptast á fjölmörg svið. Vöntun er á hæfileikaríku fólki til kennslu og heilsuumönnunar/þjónstu. Lausar stöður eru auglýstar jafnóðum á heimasíðu sveitarfélagsins.
Sími: +47 71 69 90 00
www.sunndal.kommune.no

**GRYTNES ENTREPRENØR/ GRYTNES BETONG**
Einn stærsti aðilinn í heildarlausnum á sviði bygginga og lagna, með 85 starfsmenn og höfuðstöðvar í Sunndalsøra.
- Verkefnastjóri byggingar/lagnir
- Deildarstjóri
- Framkvæmdastjóri
Sími: +47 9753 9234
e-mail: tine.grytnes@grytnes.as
www.grytnes.as

**SUNNDAL VIKARBYRÅ AS**
Ráðningaarskrifstofa með starfssvæði í Møre og Romsdal og i Sør-Trøndelag. Aðalskrifstofan er staðsett í Sunndalsøra.
- Hjúkrunarfærðingar, tannlæknir
- Iðnaðarmenn og verk/tækni/iðnfræðingar sérsvið byggingar/lagnir
- Iðnaðarmenn og verk/tækni/iðnfræðingar sérsvið olía/gas
- Fleiri áhugaverð störf í boði
Sími +47 9540 3050
e-mail: aksel@sunndalvikar.no
www.sunndalvikar.no

**MAGNE NÆRUM AS**
Virtur jarðvegsverktaki með höfuðstöðvar í Sunndalsøra og verkefni bæði á svæðinu sem og erlendis.
- 2 verkefnastjórar/verkstjórar
- 2 vinnuvélastjórnendur/verkamenn
Sími: +47 90 03 04 20
e-mail magne@naerum.no
sími +47 9066 2634
e-mail gunnar.erik@naerum.no
www.naerum.no

**HYDRO ALUMINIUM**
Hydro Aluminium Sunndal er eitt stærsta og umhverfisvænsta álver í Evrópu, og hefur umtalsverða þýðingu í verðmætasköpun í Mið-Noregi. Lesið nánar um tækifæri á www.hydro.com

**ÁBYRGÐARAÐILI**
sunndal næringsselskap
PIFF SUNNDAL AS

# Viltu vera wwwefstjóri?



Við leitum að jákvæðum starfskrafti í 100% stöðu vefstjóra.

Starfið heyrir undir markaðsdeild fyrirtækisins þar sem nú eru sex starfsmenn.
Um fullt starf er að ræða og er vinnutími að jafnaði frá kl. 8 til 16 virka daga.

Starfssvið:
Viðkomandi sér um að setja efni á www.IKEA.is og sinna ýmsum tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði vefhönnunar, vefumsjónar eða margmiðlunar
- Mjög góð færni í notkun Adobe forritanna
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á html/CSS/javascript
- Frumkvæði, skipulagshæfni og nákvæmni
- Almennur áhugi á markaðsmálum

Áhugasamir sæki um starfið á www.IKEA.is.
Nánari upplýsingar veitir Kristín Lind Steingrímsdóttir markaðsstjóri í síma 520-2500 eða í gegnum tölvupóst (kristinlind@ikea.is).

Umsóknarfrestur er til og með 15. október nk. og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

FISKISTOFA
Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992. Nánari upplýsingar má finna á vef Fiskistofu.

## Sérfræðistörf í upplýsingatækni

**Leitað er að sérfræðingum til starfa á kerfis- og hugbúnaðardeild. Deildirnar starfa náið saman að þróun og rekstri tölvukerfa Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu og fleiri stofnana. Stærri verkefni eru unnin í sprettum (e. Agile) og er verkbeiðnakerfið Jira notað við utanumhald um þau.**

### Gagnasafnsstjóri á kerfisdeild

Umsjón með gagnagrunnum Hafrannsóknarstofnunarinnar, Fiskistofu og fleiri stofnana ásamt þátttöku í hönnun og endurskipulagningu á gagnagrunnshögun upplýsingakerfa.

**Verkefni:**
- Oracle gagnagrunnsumsjón (dba)
- Staðgengill deildarstjóra
- Hönnun og skipulagning gagnagrunnshluta upplýsingakerfa
- Samstarf við forritara og sérfræðinga í gagnaúrvinnslu
- Kerfisumsjón, verkstjórn og skyld verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni eða skyldra greina
- Starfsreynsla
- Geta til að starfa sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga
- Skipulagshæfni og fagmennska
- Frumkvæði, góðir samstarfshæfileikar og geta til að taka á móti og miðla þekkingu

### Forritari á hugbúnaðardeild

Þróun á sérsmíðuðum hugbúnaði sem meðal annars lýtur að fiskveiðistjórnun og eftirliti með fiskveiðum.

**Verkefni forritara:**
- Forritun í Java og Oracle umhverfi
- Forritun veflausna og skyldra hugbúnaðarlausna

**Menntunar- og hæfniskröfur forritara:**
- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða skyldum greinum
- Starfsreynsla er æskileg en þó ekki skilyrði
- Geta til að starfa sjálfstætt og í hópi annarra sérfræðinga
- Skipulagshæfni og fagmennska
- Frumkvæði, góðir samstarfshæfileikar og geta til að taka á móti og miðla þekkingu

Hugbúnaðardeild og kerfisdeild tilheyra rekstrarsviði Fiskistofu. Sviðið er með aðsetur að Dalshrauni 1B og með starfsstöð að Skúlagötu 4.

Nánari upplýsingar um starf *gagnasafnsstjóra* veita Elín Kristjana Sighvatsdóttir forstöðumaður rekstrarsviðs og Gunnar Örvarsson deildarstjóri kerfisdeildar í síma 5697900.
Nánari upplýsingar um starf *forritara* veita Elín Kristjana Sighvatsdóttir forstöðumaður rekstrarsviðs og Pálmi Ragnar Pétursson deildarstjóri hugbúnaðardeildar í síma 5697900.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta skal senda á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1B, 220 Hafnarfirði merktar **„Gagnasafnsstjóri“** og **„Forritari“.**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. október 2012** og gilda umsóknir í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.[1] Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

[1] með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Deildarlæknir á myndgreiningardeild

Laust er til umsóknar 100% starf deildarlæknis í starfsnámi á myndgreiningardeild Landspítala. Starfið veitist frá 1. nóvember 2012 eða eftir nánara samkomulagi.

Boðið er upp á 6 eða 12 mánaða ráðningu. Fyrir þá sem hafa hug á sérfræðinámi í myndgreiningu er boðið upp á allt að tveggja ára starf sem nýtist til sérnáms.

Framkvæmdar eru um 120.000 rannsóknir og aðgerðir og kynnast deildarlæknar öllum sviðum greinarinnar, s.s. tölvusneiðmyndum og segulómun.

Spennandi tækifæri fyrir áhugasama deildarlækna að öðlast reynslu í myndgreiningu. Kennsla deildarlækna er skipulögð af kennslustjóra.

## Helstu verkefni og ábyrgð
» Almenn störf deildarlæknis á myndgreiningardeild Landspítala
» Þátttaka í kennslu og þjálfun læknanema
» Þátttaka í rannsóknarvinnu

## Hæfnikröfur
» Íslenskt lækningaleyfi
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 20.10.2012
» Upplýsingar veitir Pétur Hörður Hannesson, yfirlæknir, netfang peturh@landspitali.is, sími 824-5322
» Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrár

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# IN-HOUSE LAWYER

LazyTown Entertainment is a Turner and Time Warner company with business operations all over the world. We are currently seeking a Lawyer / Associate Counsel on a full time basis for the Legal Department at our Iceland office.

**Job Requirements:**
- Master of Laws or Juris Doctor degree.
- Specialization or post qualification experience in International Contract Law, Intellectual Property Law, Media / Entertainment Law and/or Licensing.
- Excellent English language skills, both written and verbal.
- First class legal ability coupled with a practical commercial approach.
- Ability to work in a fast-paced environment and to prioritize work to meet specific deadlines required.

**Job Responsibilities:**
- Provide sound and pragmatic legal support services to the businesses of LazyTown Entertainment and any affiliated entities.
- Draft and negotiate intellectual property license agreements, TV production agreements, confidentiality agreements, etc.
- Provide business and legal service, including negotiation and review of contractual obligations and options, copyrights, contract administration, etc.
- Work in conjunction with various operational departments (production, sales, marketing, finance, business development, etc.)

Please submit your application in English to stra@stra.is no later than 15 October, 2012.

Further information about the position can be provided by Guðný Harðardóttir on +354 588 3031 or gudny@stra.is. Phone hours are between 13-15 on weekdays.

LAZY TOWN STRÁ Turner A TimeWarner Company

HVITA HUSIÐ/SÍA



# Ofurhetjutæknimaður óskast í radíódeild Vodafone

Ofurhetjan okkar mun vinna við rekstur og gæðamælingar á fjarskiptabúnaði Vodafone og verður að vera til í að vinna við óhefðbundnar aðstæður, hátt í möstrum og stundum fjarri mannabyggðum. Við viljum fá einstakling sem er með góða samstarfshæfni, mikla þjónustulund og menntun á sviði iðn- eða tæknifræði. Ef þú býrð yfir þessum ofurkröftum þá hvetjum við þig til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á **vodafone.is/storf.**

**Umsóknarfrestur er til og með 14. október 2012.**

**Þín ánægja er okkar markmið**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sálfræðingur | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Hafnarfjörður | 201210/018 |
| Mannauðsstjóri | Matvælastofnun | Selfoss | 201210/017 |
| Framhaldsskólakennari í ensku | Menntaskólinn að Laugarvatni | Laugarvatn | 201210/016 |
| Sérfræðingur | Náttúrufræðistofnun Íslands | Garðabær | 201210/015 |
| Verkefnastjóri viðhaldsframkvæmda | Fasteignir ríkissjóðs | Reykjavík | 201210/014 |
| Sérfræðistörf í upplýsingatækni | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201210/013 |
| Geðhjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201210/012 |
| Fræðslufulltrúi | Umferðarstofa | Reykjavík | 201210/011 |
| Sjúkraliði | LSH, gjörgæsla og vöknun | Reykjavík | 201210/010 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, dag- og göngudeild augnl. | Reykjavík | 201210/009 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, dagdeild skurðlækninga F | Reykjavík | 201210/008 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, lungnadeild | Reykjavík | 201210/007 |
| Deildarlæknar í starfsnámi í lyflækn. | LSH, aðstoðarlæknar lyflækninga | Reykjavík | 201210/006 |
| Hjúkrunarfræðingur á barnadeild | LSH, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201210/005 |
| Deildarlæknir | LSH, myndgreiningardeild | Reykjavík | 201210/004 |
| Lögfræðingur | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | Vestmannaey. | 201210/003 |
| Hæstaréttardómari | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201210/002 |
| Ráðsmaður | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201210/001 |
| Heilsugæslulæknir | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hvolsvöllur | 201209/083 |

# Sóknartækifæri

## VR leitar að kröftugum atvinnuráðgjafa í fullt starf.

Starfsmaður mun sinna þjónustu við atvinnuleitandur meðal VR félaga, með áherslu á vinnumiðlun og náms- og starfsráðgjöf. Helstu viðfangsefni eru að miðla til félagsmanna VR lausum störfum og eftir þörfum að aðstoða þá við að afla sér þekkingar og hæfni sem eykur möguleika á ráðningu. Um er að ræða mjög krefjandi starf með virkri þátttöku í mótun og uppbyggingu verkefnisins.

## Helstu verkefni atvinnuráðgjafa verða:

- Vinnumiðlun og ráðgjöf til atvinnuleitenda
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig atvinnuleit er háttað
- Upplýsingagjöf um réttindi og skyldur
- Móttökuviðtöl, eftirfylgni og seta á vinnufundum
- Samskipti við ráðgjafa Virk starfsendurhæfingasjóðs, kjaramálafulltrúa VR og starfsfólks Vinnumálastofnunar
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði vinnumiðlunar er æskileg
- Þekking og/eða reynsla á sviði ráðgjafar við atvinnuleitendur er æskileg
- Mjög góð samskiptafærni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Áhugi og geta til að setja sig inn í erfiðar aðstæður einstaklinga
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og færni í að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Umsóknum skal beint til **Söru Lindar Guðbergsdóttur**, deildastjóra Ráðgjafardeildar VR. Umsækjendum er einnig bent á að senda umsóknir sínar á netfangið **sara@vr.is**. Æskilegt er að umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2012**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Laus staða

# Víðistaðaskóli

**Kennari/þroskaþjálfi óskast sem fyrst til að kenna sérkennslu vegna forfalla í vetur.**

Allar upplýsingar gefur Anna Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri í síma 595 5800/664 5890.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur skulu berast á netfangið annakr@vidistadaskoli.is
**Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2012.**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Fræðslustjóri Hafnarfjarðar*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Hefur þú áhuga á málefnum Evrópusambandsins?

Auglýst er eftir starfsmanni í fullt starf vegna undirbúnings framkvæmdaáætlunar og stofnanagerðar fyrir Félagsmálasjóð Evrópu (ESF) í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Félagsmálasjóðnum er ætlað að stuðla að atvinnuþátttöku og aukinni menntun og færni. Honum er einnig ætlað að efla jafnræði kynjanna og vinna gegn mismunun af öllu tagi og styðja þannig meðal annars við innflytjendur, fatlað fólk, eldri borgara og börn í áhættu. Þetta eru forgangsverkefni Evrópusambandsins í því augnamiði að styrkja efnahagslega, félagslega og svæðisbundna samheldni í Evrópu. Um er að ræða ráðningu í a.m.k. eitt ár.

Helstu verkefnin felast í greiningu og úrvinnslu þeirra gagna sem liggja fyrir, ritun framkvæmdaáætlunar og vinnu við önnur tengd verkefni eftir því sem við á.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á íslenska stjórnkerfinu.
- Þekking á áætlunum Evrópusambandsins í byggða- og velferðarmálum.
- Þekking og færni í stefnumótunarvinnu og áætlanagerð, árangurs- og verkefnastjórnun.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð færni í ensku og ritun texta á ensku og íslensku.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Vandvirkni og góð tölvufærni.

Starfsmaðurinn heyrir undir verkefnisstjórn um Félagsmálasjóð Evrópu sem skipuð er af velferðarráðherra. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið verður í starfið sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 21. október nk. Umsóknir sem greina frá menntun og fyrri störfum skulu sendar til velferðarráðuneytisins, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið postur@vel.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þór Þórarinsson, formaður verkefnisstjórnarinnar.
Konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

## Vaktstjóri í veitingasal

**Rótgróið hótel í miðbænum auglýsir eftir þjóni eða einstaklingi með reynslu af þjónustustörfum og verkstjórn til að sinna starfi vaktstjóra í veitingasölum hótelsins**

Unnið er á 2-2-3 vöktum. Aldurstakmark 25 ára.

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á box@frett.is mekt **„Vaktstjóri“**

**Umsóknarfrestur er til 13. október.**

# Lagermaður

**Skaginn hf. óskar eftir að ráða lagermann.**

Leitað er að einstaklingi sem getur tekið við sem lagerstjóri fyrirtækisins á næsta ári þegar núverandi lagerstjóri lætur af störfum.

Við leitum að einstaklingi sem er drífandi, á auðvelt með að vinna undir álagi og á gott með að eiga samskipti við fólk.

Æskilegt er að viðkomandi aðili hafi eftirtalið til brunns að bera:
- Hafi reynslu af störfum í málmiðnað.
- Hafi þekkingu á Navision.
- Tali og skrifi ensku og norðurlandamál.

Umsóknum um starfið skal skila fyrir kl. 17,00 miðvikudaginn 17. október nk. til Þorgeirs Jósefssonar, framleiðslu- og þjónustustjóra, sem jafnframt veitir nánari upplýsingar. Netfangið er thorgeir@skaginn.is og símanúmerið er 430-2000.

Skaginn hf

Bakkatúni 26, 300 Akranes, Sími: 430-2000, Fax: 430-2001, www.skaginn.is

Skaginn hf. er leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun ýmissa framleiðslutækja fyrir matvælaiðnað. Rætur fyrirtækisins liggja í fiskiðnaðinum en það vinnur einnig í kjöt- og kjúklingaiðnaðinum.

# *Ert þú næsti fræðslufulltrúi Umferðarstofu?*

### *Starfið*

***Umferðarstofa leitar að fræðslufulltrúa á umferðaröryggissviði í 100% starf. Starfið er fjölbreytt og felur í sér m.a. fræðslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, leiðsögn til þeirra sem vilja sinna umferðarfræðslu, almenna upplýsingaveitu og ráðgjöf um málaflokkinn. Fræðslufulltrúi mun einnig sjá um viðhald fræðsluefnis á heimasíðunum us.is og umferð.is, samskipti við fjölmiða, ritun greina og frétta og svörun erinda um umferðaröryggismál, ásamt almennri þátttöku í verkefnum á umferðaröryggissviði.***

### *Menntunar- og hæfniskröfur:*

- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi.*
- *Góð tölvukunnátta.*
- *Góð íslenskukunnátta og hæfni til að rita vandaðan og áhugaverðan texta.*
- *Reynsla og/eða þekking af fjölmiðlum er kostur.*
- *Þekking og áhugi á samskiptamiðlum og efnismiðlun á netinu.*
- *Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, og hafa sérlega góða samstarfs- og samskiptahæfileika.*

***Umsóknarfrestur er til 22. október 2012.***

***Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:***

- *Á heimasíðu Umferðarstofu www.us.is/page/atvinnuumsokn.*
- *Með því að senda umsókn á atvinna@us.is.*
- *Senda skriflega umsókn á Umferðarstofu.*

*Nánari upplýsingar veitir Gunnar Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs, s. 580-2000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.*

HVITA HUSID / SIA

Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR –stéttarfélag í almannaþjónustu. Árið 2012 var stofnunin í öðru sæti. Hjá stofnuninni starfa um 55 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu us.is.

UMFERÐARSTOFA

Umferðarstofa • Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími: 580-2000 • Fax: 580-2001 • www.us.is

# Nýtt og spennandi fyrirtæki óskar eftir að ráða í eftirtalin störf

HEIMKAUP

Heimkaup er nýtt og spennandi fyrirtæki sem á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Heimkaup er „verslunarmiðstöð“ á netinu, þar sem viðskiptavinum gefst kostur á að skoða mikið úrval af vörum úr ýmsum vöruflokkum á hagstæðu verði, ganga frá pöntunum og greiðslu og fá vöruna senda heim.

### Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri félagsins, fjárreiðum, mannahaldi og þjónustustigi.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum
- Góður skilningur og reynsla af viðskiptum á netinu
- Stjórnunarreynsla æskileg en ekki skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

### Vöru- og innkaupastjórar þriggja sviða

- Raftæki og tölvur
- Snyrtivörur og fatnaður
- Heimilisvörur

Vöru- og innkaupastjórar hafa umsjón með birgðahaldi og innkaupum í sínum vöruflokkum, með tilheyrandi samskiptum við birgja.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Góð reynsla af vörustjórnun eða sambærilegum störfum
- Góð þekking á viðkomandi vöruflokkum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

### Lager- og dreifingarstjóri

Lager- og dreifingarstjóri hefur umsjón með vörulager og dreifingu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Góð reynsla af lagerstörfum og vörudreifingu eða sambærilegum störfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, gott viðmót og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta

### Afgreiðsla

Afgreiðsla í móttöku og vörusýningarsal ásamt símsvörun o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Góð reynsla úr verslun eða öðrum afgreiðslustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, gott viðmót og rík þjónustulund
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

PIPAR\TBWA · SÍA · 122825

Umsóknum ásamt mynd og ferilskrá skal skila á **umsokn@dcg.is** fyrir 22. október.

DCG

Móðurfélag Heimkaupa er DCG, eða Dempsey & Clark Group. DCG er ráðgjafa- og fjárfestingafélag sem einbeitir sér að markaðssetningu á netinu, hugbúnaðarþróun og framsæknum veflausnum á sviði verslunar og þjónustu.

dcg.is / Suðurlandsbraut 22 / 105 Reykjavík

FASTUS

Fastus þjónar stofnunum og fyrirtækjum á heilbrigðissviði, veitingastöðum, hótelum, stóreldhúsum og mötuneytum, matvælafyrirtækjum og öðrum iðnfyrirtækjum. Fastus býður m.a. vandaðar innfluttar sjúkravörur og aðrar vörur sem tengjast rekstri heilbrigðisstofnana, rekstrarvörur tengdar veitingum og ýmsan sérhannaðan búnað. Nánari upplýsingar á **www.fastus.is.**

# Metnaðarfullur lagerstjóri

**Helstu verkefni**
- Dagleg stýring og ábyrgð á lager
- Vörumóttaka
- Afgreiðsla pantana

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum á lager með staðsetningar- og strikamerkjalausn
- Reynsla af lagerstjórnun æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Samstarfshæfileikar

**Upplýsingar veitir:**
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

» **Ráðningarþjónusta**

# Sölumaður í verslun

Húsgagnaverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömum og þjónustuliprum einstaklingi til starfa í verslun.

Um 50 - 70% starfshlutfall er að ræða. Einnig kemur til greina að ráða í fullt starf.



## » Starfssvið

· Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
· Framsetning í verslun

## » Hæfniskröfur

· Reynsla af verslunar og/eða þjónustustörfum æskileg
· Góðir söluhæfileikar
· Áhugi og metnaður í starfi
· Rík þjónustulund
· Góð almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

**Ritari byggingarfulltrúa:**
Í starfinu felst almenn skrifstofuvinna á byggingarsviði við skráningu og meðferð byggingarmála. Viðkomandi einstaklingur þarf að vera sjálfstæður og skipulagður í vinnubrögðum, vera fljótur að læra og tilbúinn að takast á við margskonar verkefni og hafa góða þjónustulund.

Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði auk hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum. Stúdentspróf er æskilegt.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi,FOSS
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa:**
Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa starfar með byggingarfulltrúa við alla almenna meðferð byggingarmála samkvæmt mannvirkjalögum og byggingarreglugerð, svo sem við yfirferð teikninga, úttektir og mælingar .

Hæfniskröfur eru háskólapróf á sviði byggingartæknifræði eða byggingarfræði og góð almenn tölvukunnátta. Reynsla af sambærilegum störfum og / eða við hönnun bygginga er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga.
Ráðið er í starfið frá og með 1. janúar 2013.

Embætti skipulag- og byggingafulltrúa er staðsett á Laugarvatni og þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi.

Umsóknir skulu berast embættinu að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni, **fyrir 19. október n.k.**
Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi Kjartansson byggingafulltrúi (helgi@sudurland.is) og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi (petur@sudurland.is) í síma 486 1145 milli kl. 9 og 12 alla virka daga.

ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er heildarsamtök fatlaðra og eru aðildarfélög þess 33 talsins. Hlutverk bandalagsins er m.a. að koma fram fyrir hönd fatlaðra gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum er snerta réttindi þeirra. Einnig veitir bandalagið upplýsingar og ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi við félaga- og heildarsamtök fatlaðra. Nánari upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu **www.obi.is.**

# Lögfræðingur

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu bandalagsins í 50% starf. Ráðið verður í starfið til reynslu í sex mánuði með möguleika á framlengingu.

**Starfið felst einkum í eftirfarandi þáttum:**
- Ráðgjöf til öryrkja og aðstandenda um réttindi fatlaðra/öryrkja.
